

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt. dags.	10.1.2019
Málalykill	10.1
Mál nr.	1901173



SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 bréfasími: 552 7382
postur@srn.is srn.is

Reykjavík 7. janúar 2019
Tilv.: SRN18100086/7.2

Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 1088/2018

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur undirritað nýja reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem tók gildi 1. janúar 2019. Reglugerðin er nr. 1088/2018 og er sett á grundvelli laga um tekjustofn sveitarfélaga nr. 4/1995. Við gildistöku reglugerðarinnar féll úr gildi reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 960/2010, með síðari breytingu. Gerðar eru breytingar á forsendum útgjaldajöfnunarframlaga til sveitarfélaga ásamt uppfærslu á efni hennar til samræmis við breytingar sem gerðar hafa verið á ákvæðum laga um tekjustofna sveitarfélaga

Breytingar á forsendum útgjaldajöfnunarframlaga eru byggðar á vinnu sem hefur farið fram við endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs á undanförunum árum. Markmið þeirra eru að:

- auka jöfnuð milli sveitarfélaga.
- styrkja millistór sveitarfélög og draga úr framlögum til tekjuhærri sveitarfélaga.
- draga úr neikvæðum áhrifum vegna sameiningar sveitarfélaga á framlög sjóðsins til útgjaldajöfnunar og styrkja þar með hvata til sameiningar.
- auka framlög til sveitarfélaga sem eru með hlutfallslega mörg börn á grunnskólaaldri, sveitarfélaga sem hafa marga þéttbýliskjarna og sveitarfélaga á vaxtarsvæðum.

Nánari upplýsingar má finna í frétt sem birtist á heimasíðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga: <https://jofnunarsjodur.is> og einnig á samráðsgátt stjórnvalda: <https://samradsgatt.island.is/oll-mal>

Á heimasíðunni má jafnframt finna áætluð útgjaldajöfnunarframlög fyrir árið 2019 sem byggja á nýju reglugerðinni ásamt öðrum áætluðum framlögum.

Meðfylgjandi er nýja reglugerðin nr. 1088/2018 sem tók gildi nú um áramótin.

Fyrir hönd ráðherra

Guðni Geir Einarsson

Guðstaf Aron Guðstafsson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026